Reykjavík 23. nóvember 2011

**MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

**Katrín Jakobsdóttir ráðherra**

**Sölvhólsgötu 4**

**150 Reykjavík**

Hér með segi af mér sem formaður Húsafriðunarnefndar. Ástæða afsagnarinnar er ákvörðun Mennta- og menningarmálaráðherra um að fara ekki að tillögu Húsafriðunarnefndar um friðun Skálholtskirkju og Skálholtsskóla.

Skálholt er einn merkasti sögustaður þjóðarinnar og byggingarnar sem um ræðir eru meðal vönduðustu húsa okkar frá seinustu öld. Að mati Húsafriðunarnefndar er ljóst að gildi þeirra muni rýrna haldi fram sem horfir um framkvæmdir við Þorláksbúð. Við þessar aðstæður bar Húsafriðunarnefnd að grípa til skyndifriðunar og í kjölfarið leggja til við ráðherra að húsin yrðu friðuð.

Þetta er í fyrsta sinn sem ráðherra fer ekki að tillögu Húsafriðunarnefndar um friðun.

Að mati undirritaðs er fógin í þessu vantraust á mati nefndarinnar á gildi bygginganna og jafnframt að ráðherra metur aðra hagsmuni meir.

Virðingarfyllst,

Hjörleifur Stefánsson